

Kríuvarpið við Máná á Tjörnesi

Ólafur K. Nielsen

Unnið fyrir Stapa ehf - Jarðfræðistofu

NÍ 97-021

Reykjavík, júní 1997



EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	2
2 AÐFERÐIR OG STAÐHÆTTIR	2
3 NIÐURSTÖÐUR OG UMFJÖLLUN	2
4 RITASKRÁ	3

1 INNGANGUR

Athuganir voru gerðar á kríuvarpi við Máná á Tjörnesi samkvæmt skriflegri beiðni Ómars Bjarka Smárásonar á Jarðfræðistofunni Stapa fyrir hönd Húsavíkurhafnar og Siglingastofnunar dagsettri 5. júní 1997. Beiðið var um umsögn á áhrifum fyrirhugaðs grjótnáms og veglagningar í Hlíðarhorni á fuglalíf.

Svæðið sem kannað var er sýnt á yfirlitsmynd í bréfi Ómars. Um legu veglína og námu vísast í bréf Ómars.

2 AÐFERÐIR OG STAÐHÆTTIR

Gengið var eftir veglínu A upp að Hlíðarhorni þar sem náman á að vera og síðan einnig með veglínu B. Þetta var gert 11. júní klukkan 15.00 til 17.00. GPS tæki var notað til að merkja punkta á gönguleiðinni, svo sem hvar kríuvarpið byrjaði, hvar það var þétt og hvar gisið. Ekki gafst neinn tími til að gera nákvæma úttekt á öllu kríuvarpinu. Einnig var hugað að öðrum fuglum sem sáust á svæðinu.

Svæðið sem um er að ræða, þ.e. vegarstæði og náma, er í mólendi. Þetta er frekar smáþýfður lyngmór, ríkjandi plöntutegundir eru beitilyng, krækilyng og fjalldrapi. Gróðurhæð er 5-10 cm þannig að mórinn er snöggur. Í dokkum eru sléttar snjóðældir og þar er bláberjalyng og aðalbláberjalyng áberandi. Mórinn er mjög rofinn, rofskellur í þúfum og berir, grýttir melar og holt á milli gróðurtorfanna. Melarnir næst veginum í þéttasta kríuvarpinu eru að gróa upp og ýmsar lyngtegundir áberandi eru þar, ofar eru þeir að mestu berir. Hlíðarhornið er gróðurlaust stórgrýtt holt. Þessir lyngmóar minna um margt á móana vestan á Tjörnesi (sbr. Ólafur K. Nielsen 1995a). Á einum stað ofan og austan við bæinn Máná voru djújavætur.

3 NIÐURSTÖÐUR OG UMFJÖLLUN

Fuglar sem sáust voru:

1. **Heiðlóa**, 3 pör með varpatferli.
2. **Sandlóa**, 1 par með varpatferli.
3. **Spói**, 2 pör með varpatferli.
4. **Rjúpa**, 2 ropkarrar. Rétt er að minna á það að lyngmóar á utanverður Tjörnesi, en Máná er í jaðri þess svæðis, eru einhverjar þýðingarmestu uppeldisstöðvar rjúpunnar í Suður-Þingeyjarsýslu.
5. **Kjóí**, 2 pör.
6. **Kría**, hundruð para.
7. **Steindepill**, 1 par í Hlíðarhorni.
8. **Snjótittlingur**, 1 par í Hlíðarhorni.

Kríuvarpið við Máná er stórt. Mér vitanlega hefur aldrei verið gerð nein nákvæm úttekt á því en Ævar Petersen (1982) telur það vera eitt af stærri kríuvörpum landsins. Sjálfur hef ég farið um þetta svæði margoft á hverju sumri frá 1981. Varpið er bæði ofan og neðan við þjóðveginn. Neðan við þjóðveg nær varpið frá fjöru upp að vegi, að vestan til móts við heimreiðina í Voladal og allt að Húsaleiti að austan. Ofan við veg virðist það byrja ofan við Árholt og austur undir Húsaleiti, þéttast næst þjóðvegi og nær ca. 500 m upp frá veginum. Það lætur nærri að varpið spanni um 3 ferkm lands. Þetta er þó ekki allt varpland, hluti af þessu svæði eru tún, og varpið er misþétt. Aðeins var gengið um þann hluta varpsins þar sem fyrirhugaður vegur og náma eru. Rétt er að taka fram að hart hret gekk yfir 5. til 9. júní og má vera að það hafi haft

einhver áhrif á krúfjöldann sem sást athugunardaginn. Heildarstærðin á varpinu 1997 er örugglega hundruð para og líklega fáein þúsund pör, þó alls ekki fleiri en 10.000 pör.

Það er athyglisvert að krúvarpið er þéttast næst fjölförnum þjóðveginum og bæjunum. Talið er að krúvörp á fasta landinu minnki og fuglinn dreifist eða jafnvel að vörpin leggist af þegar mannabyggð hverfur og hefur sú t.d. verið reyndin á Melrakkasléttu. Ástæðan fyrir því að krúur sækja í að verpa nærri mannabústöðum er væntanlega þau fæliáhrif sem búseta og ráp manna hefur á tófuna. Eitthvað er um tófur inni á Tjörnesi og má gera ráð fyrir að þær séu takmarkandi þáttur á dreifingu krúunnar á þessu svæði. Þannig hefur undirritaður ítrekað séð tófur á rjúpnatalningasvæði ofan Sandhóla í næsta nágrenni Mánár (Ólafur K. Nielsen 1995b). Einnig sást tófa tína krúegg á Stekkjarleiti í Mánárvarpinu í júní 1983. Þetta nábyli krúunnar við manninn er þó ekki án árekstra og á hverju sumri má sjá dauðar ákeyrðar krúur og unga á þjóðveginum í Mánárvarpinu.

Meginreglan ætti ætíð að vera sú að leggja ekki veg í gegnum þétt fuglavörp. Hér gæti sú regla orkað tvímælis þar sem færa má rök fyrir því að forsendan fyrir krúvarpinu sé hús og umferðarmannvirki. Í ljósi þess að náman og vegurinn spanna aðeins lítinn hluta krúvarpsins, einnig að framkvæmdir við gerð vegar og námu eru utan varptíma krúunnar og að náman verður aðeins starfrækt yfir einn varptíma (þ.e. 1998), þá er það mat Náttúrufræðistofnunar að námuvegur og náma í Hlíðarhorni muni ekki hafa nein úrslitaáhrif á krúvarpið við Máná. Búast má við einhverjum vandamálum seint í júní og í júlí 1998 þegar ófleygir krúungar fara að skríða upp á námuveginn. Af veglínnum sem eru gefnar er rétt að velja stystu leið, þ.e. veglínu A. Aðrir fuglar eru það fálíðaðir á títtnefndu svæði að ekki þarf að fjölyrða um þá frekar.

4 RITASKRÁ

Ólafur K. Nielsen 1995a. Karrar og gróðurfar. Náttúrufræðingurinn 65: 81–102.

Ólafur K. Nielsen 1995b. Rjúpnatalningar á Norðausturlandi 1981 til 1994. Náttúrufræðingurinn 65: 165–179.

Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. Rit Landverndar 8: 15–60.